

Fundur í skólanefnd

Þriðjudaginn 10. nóvember kl. 16:15-17:30

Mættir voru: Dóra, Erna, Eva, Halldór, Herdís, Lilja, Róbert, Trausti, Valdimar og Þorkell

Fundarstjóri: Erna

Fundarritari: Herdís

1. Fréttir af vinnu samstarfshóps um stöðu og framtíð framhaldsskóla á Norðaustursvæði

Dóra greindi frá áhersluatriðum í samstarfi Framhaldsskólans á Húsavík, Framhaldsskólans á Laugum og Þekkingarnets Þingeyinga en þessar stofnanir hyggjast vinna náið saman í framtíðinni.

Dóra sýndi fundarmönnum jafnframt drög að samstarfssamningi framhaldsskóla á Norðaustursvæði en í haust hafa framhaldsskólar á svæðinu fundað reglulega ásamt fulltrúum frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti og fulltrúum frá Eyþingi undir stjórn Svanfríðar Jónasdóttur.

Dóra greindi frá því að næsti fundur skóla á Norðaustursvæði með ráðuneytisfólki yrði á næstkomandi fimmtudag, 12. nóvember, og að næsti fundur FSH, FL og ÞÞ yrði mánudaginn 16. nóvember.

2. Námskráin og námsmat

Herdís greindi frá því að tafir yrðu á því að hægt verði að breyta í skólakerfinu Innu námsferlum þeirra nemenda sem hófu nám sitt í eldri námskrá. Til stendur að færa þá nemendur, sem hafa klárað minna en helming eininga skv. eldri stúdentsbrautum, yfir á nýjar stúdentsbrautir. Verið er að þróa vinnuleiðir í Innu til þess að hver og einn skóli geti gert þetta á einfaldan og fljótlegan hátt en ljóst er að þessi vinna muni tefjast eitthvað.

Herdís greindi frá stöðunni í námskrárvinnu en um þessar mundir er unnið að því að þróa nýjar brautarlýsingar fyrir almenna braut, framhaldsbraut og starfsbraut. Þessari vinnu miðar ágætlega áfram.

Dóra og Herdís sögðu frá því að verið væri að vinna að breytingum á skólanámskrá í samræmi við ákvæði Aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2011. Skólanefnd mun fá nýja skólanámskrá til umsagnar á vorönn 2016.

Herdís greindi frá þróun leiðsagnarmats. Nokkrir kennarar hafa á yfirstandandi önn verið að gera tilraun með innleiðingu svokallaðra vörðuvikna sem haldnar eru sitt hvorum megin við miðannarmat sem fram fer um miðja önn. Í þessum vörðuvikum taka kennarar viðtöl við nemendur og eru viðtölin byggð á sjálfsmati nemenda og þeim verkefnum sem þeir hafa skilað fram að þeim tímapunkti sem viðtalið fer fram. Vörðuvikurnar, ásamt miðannarmati, mynda svo það form sem leiðsagnarmatið byggir á. Á kennarafundum hefur verið rætt um hvort gera eigi vörðuvikur að skylduverkefni í námsmati allra áfanga í skólanum. Ákveðið hefur verið að gera það ekki, heldur treysta fagmennsku

kennara við innleiðingu leiðsagnarmats í sínum áföngum. Allir kennarar eru hins vegar skyldugir til þess að hafa leiðsagnarmat í sínum áföngum en í Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 kemur fram að megingiltgangur námsmats sé að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verði náð. Í námsáætlun, sem nemendum er afhent í upphafi hverrar annar, þarf því að koma fram hvernig kennari hyggst uppfylla ákvæði um leiðsagnarmat í hverjum áfanga. Komi þetta atriði ekki skýrt fram í námsáætlun mun skólameistari gera kennara að leggja fram nýja áætlun.

Herdís greind jafnframt frá því að á kennarafundum hafi verið rætt um fyrirkomulag miðannarmats. Sem stendur er fyrirkomulagið þannig að kennarar gefa nemendum miðannarmat í formi fjögurra einkunna; A, B, C eða D. Einnig gefa sumir kennarar umsögn sem fylgir einkunninni. Á kennarafundum hefur verið rætt um hvort einkunnagjöfin þjóni tilgangi sem leiðsegjandi námsmat eða hvort hún virki sem dómur; sérstaklega hjá þeim nemendum sem fá lága einkunn á miðannarmati. Rætt hefur verið um hvort betra sé að hafa miðannarmat eingöngu í formi umsagnar. Stjórnendur hafa rætt þetta mál óformlega við hluta nemenda sem virðast flestir á því að einkunnirnar gefi mikilvægar upplýsingar um stöðu nemandans í áfanganum. Hefur því ekki þótt ástæða til þess að afnema einkunnagjöfina en málið verður væntanlega rætt frekar á skólafundi á vorönn. Stjórnendur hafa hins vegar hvatt kennara eindregið til þess að skrifa athugasemdir með miðannarmatseinkunn.

3. Próftökureglur

Herdís greindi frá því að reglum varðandi endurtökupróf hafi verið breytt. Áður fyrr kváðu reglurnar á um að til þess að eiga rétt á endurtökupróf þyrfti nemandi að hafa lokið a.m.k. helmingi af einingafjölda námsbrautar. Á nýjum námsbrautum er hins vegar svigrúm fyrir fall í áföngum mjög lítið. Margar áfangakeðjur eru langar og leiðir fall í áföngum nú frekar til þess að námslok tefjist. Því var ákvæði um einingafjölda tekið út úr reglum um endurtökupróf. Þessar reglur gilda hins vegar áfram einungis um þá nemendur sem eru á þriggja ára námsbrautum (þ.e. stúdentsbrautum) og áfram er við lýði sú regla að nemendur þurfi að hafa fengið a.m.k. 3 í samanlagða einkunn til þess að eiga rétt á endurtökuprófi.

4. Rekstur

Dóra sýndi fundarmönnum rekstraráætlun fyrir árið 2016. Áætlunin er ekki nákvæm þar sem gerð var krafa um að áætluninni væri skilað áður en val nemenda á áföngum fyrir næstu önn hafði farið fram. Skólar kvörtuðu almennt yfir þessu en ákvörðuninni varð ekki haggð af hálfu Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

5. Önnur mál

Dóra sagði frá því að Elín Kristjánsdóttir bókasafnsvörður yrði í veikindaleyfi næstu vikurnar. Óvíst væri hvenær hún kæmi aftur en þó væri ljóst að það yrði ekki fyrir jólafrí. Jafnframt greindi Dóra frá því að Smári Sigurðsson, ensku- og þýskukennari, yrði frá vinnu út þessa viku vegna veikinda barns.

Dóra sagði frá því að sýning Píramusar og Þispu á leikritinu Andlát við jarðarför hefði gengið framur vonum.

Ennfremur greindi Dóra frá því að haldin yrði svokölluð matarsmiðja („matar-wokshop“) fimmtudaginn 12. nóvember. Heilsuráð stendur fyrir þessum viðburði, sem haldinn verður í þriðju kennslustund, en þarna geta nemendur fengið nýjar hugmyndir um hvernig hægt sé að búa til hollt og gott nesti á einfaldan og þægilegan hátt.

Jafnframt sagði Dóra frá sérstakri dagskrá 16. nóvember í tilefni af degi íslenskrar tungu og 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna.

Herdís og Dóra sögðu frá því að einhverjar tafir yrðu á framgangi verkefnisins Nýskapandi samfélag í Norðurþingi (CRISTAL) þar sem verkefnisstjóra hefði verið sagt upp störfum vegna trúnaðarbrests.

Fleira var ekki rætt,
fundi slitið.